

**Nd.**

**359. Breytingartillaga**

**[131. mál]**

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, sbr. l. nr. 29 9. maí 1955 og l. nr. 23 12. maí 1960.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr. orðist svo:

11. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir c-lið II. liðar komi nýr liður, svo hljóðandi:

Plógræsi ..... kr. 0.20 pr. m.

b. III. liður orðist svo:

Framræsla vegna túna-, akra-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir):

65% rekstrarkostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi:

Leiga greidd vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður, sem ekki er innifalinn í leigunni, vírar, hlerar og oliur og mannahald, eftir því sem er ákveðið eða samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft, þar sem því verður við komið. Ríkisframlög á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd og búnaðarfélög og einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvélum, greiðast ekki á hærri kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði, enda leiti það upplýsinga um raunverulegan kostnað hjá Landnámi ríkisins og Vélasjóði.